GJALDSKRÁ

fyrir undanþágu frá banni við hundahaldi í Borgarnesi fyrir árið 2001.

1. gr.

Skráningargjald, sbr. staflið c í 2. gr. samþykktar nr. 577/1995 um bann við hundahaldi í Borgarnesi, skal árið 2001 vera kr. 3.000 og greiðist við skráningu hundsins.

2. gr.

Árgjald fyrir að halda hund, sbr. staflið c í 2. grein framangreindrar samþykktar, skal vera kr. 7.000 fyrir allt árið eða hluta úr ári.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. júlí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

3. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 5.000, auk þess sem greiða skal kr. 700 í gjald fyrir hvern dag sem hundurinn er í haldi.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 6. mars 2001.

F.h. Borgarbyggðar,

Eiríkur Ólafsson bæjarritari.

Nr. 357 9. apríl 2001

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Silfurstjörnunnar hf. á Núpsmýri, Öxarfjarðarhreppi, kt. 610788-1579. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. apríl 2005.

Hollustuvernd ríkisins, 9. apríl 2001.

Davíð Egilson forstjóri.

Helgi Jensson forstöðumaður.